

## Raforkuspá 2008–2030

Endurreikningur á spá frá 2005 út frá nýjum gögnum og breyttum forsendum

**Orkuspárnefnd**

**OS-2008/007**





## Raforkuspá 2008-2030

Endurreikningur á spá frá 2005 út frá nýjum gögnum og breyttum forsendum

**Orkuspárnefnd**


**OS-2008/007**

ISBN  
978-9979-68-239-4

**Orkustofnun**

Orkugarður • Grensásvegji 9 • 108 Reykjavík • Sími 569 6000 • Fax: 568 8896 • os@os.is • www.os.is

<b>Útgáfa:</b>	<b>Dags:</b>	<b>Unnið af:</b>	<b>Upplýsingar um breytingar:</b>
1.0	16.09.2008	JV og IB	Raforkuspá 2008-2030

<b>Skýrsla nr.:</b> OS-2008/007	<b>Dags.:</b> September 2008	<b>Dreifing:</b> Opin <input checked="" type="checkbox"/> Lokuð <input type="checkbox"/>
		<b>Skilmálar:</b>
<b>Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill:</b> Raforkuspá 2008-2030. Endurreikningur á spá frá 2005 út frá nýjum gögnum og breyttum forsendum.		<b>Upplag:</b> 50
		<b>Fjöldi síðna:</b> 80
<b>Höfundar:</b> Orkuspárnefnd Vinnslu efnis og frágang texta annaðist Verkfræðistofan AFL ehf., Jón Vilhjálmsson og Ingvar Baldursson		<b>Verkefnisstjóri:</b> Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir
<b>Gerð skýrslu / Verkstig:</b> Raforkuspá		<b>Verknúmer:</b> 416-7001
<b>Unnið fyrir:</b>		
<b>Samvinnuaðilar:</b>		
<b>Útdráttur:</b> Í skýrslunni er fjallað um raforkunotkun fram til ársins 2030. Hún er unnin á vegum Orkuspárnefndar og er endurreikningur á spá frá 2005 út frá nýjum gögnum og breyttum forsendum. Spáin er byggð á forsendum um mannfjölda, fjölda heimila, landsframleiðslu og framleiðslu einstakra atvinnugreina. Almennri raforkunotkun er skipt niður í sex flokka auk dreifi- og flutningstapa auk þess sem notkun vinnslufyrirtækja er sýnd sérstaklega. Fyrir stóriðju er miðað við samninga sem þegar hafa verið gerðir. Samkvæmt endurreikningnum mun almenn notkun forgangsorku aukast um 16% fram til 2015 og um 60% alls næstu 23 árin. Árleg aukning notkunar er 2,1%. Áætluð forgangsorka hefur aukist um 704 GWh fram til ársins 2030 við þennan endurreikning frá spánni frá 2005 og er aukningin mest á höfuðborgarsvæðinu.		
<b>Lykilorð:</b> Ísland, raforkuspá, raforkunotkun, raforkuvinnsla, forgangsorka, ótryggð orka, álag		<b>ISBN-númer:</b> 978-9979-68-239-4
		<b>Undirskrift verkefnisstjóra:</b> 
		<b>Yfirfarið af:</b> Raforkuhópi Orkuspárnefndar



## EFNISYFIRLIT

1	ÁGRIP OG HELSTU NIÐURSTÖÐUR.....	9
2	FORSENDUR.....	11
3	ÁÆTLUÐ RAFORKUNOTKUN.....	19
4	SAMANBURÐUR VIÐ SPÁ FRÁ 2005.....	29
	RITASKRÁ.....	33
	VIÐAUKI 1 RAFORKUVINNSLA ÁRSINS 2007 GREIND NIÐUR Á VINNSLUFYRIRTÆKI OG MÁNUÐI.....	35
	VIÐAUKI 2 RAFORKUNOTKUN ÁRSINS 2007 GREIND NIÐUR Á NOTKUNARFLOKKA OG RAFVEITUR.....	39
	VIÐAUKI 3 RAFORKUNOTKUN ÁRSINS 2007 GREIND NIÐUR Á NOTKUNARFLOKKA OG LANDSHLUTA.....	45
	VIÐAUKI 4 NOTKUN SKIPT NIÐUR Á AFHENDINGARSTAÐI FRÁ MEGINFLUTNINGSKERFINU.....	51
	VIÐAUKI 5 AFLÞÖRF RAFORKUKERFISINS Á ÁRINU 2007.....	67

## TÖFLUSKRÁ

TAFLA 1	RAFORKUNOTKUN STÓRIÐJUFYRIRTÆKJA NÆSTU ÁRIN. (* RAUNTÖLUR).....	20
TAFLA 2	SPÁ UM RAFORKUNOTKUN, FORGANGSORKA OG ÓTRYGGÐ ORKA. ALMENN NOTKUN AÐ MEÐTÖLDUM DREIFITÖPUM OG NÚVERANDI OG SAMÞYKKT NÝ STÓRIÐJA. (* RAUNTÖLUR) .....	21
TAFLA 3	SPÁ UM ALMENNA RAFORKUNOTKUN GREIND NIÐUR Á FLOKKA, FORGANGSORKA. (* RAUNTÖLUR)..	22
TAFLA 4	SPÁ UM ALMENNA RAFORKUNOTKUN GREIND NIÐUR Á FLOKKA, ÓTRYGGÐ ORKA. (* RAUNTÖLUR) ..	23
TAFLA 5	SPÁ UM ALMENNA RAFORKUNOTKUN GREIND NIÐUR Á FLOKKA, FORGANGSORKA OG ÓTRYGGÐ ORKA. (* RAUNTÖLUR) .....	24
TAFLA 6	SPÁ UM ALMENNA RAFORKUNOTKUN AÐ MEÐTALINNI NOTKUN VINNSLUFYRIRTÆKJA, FORGANGSORKA, GREIND NIÐUR Á LANDSHLUTA. (* RAUNTÖLUR) .....	25
TAFLA 7	SPÁ UM ALMENNA RAFORKUNOTKUN, ÓTRYGGÐ ORKA, GREIND NIÐUR Á LANDSHLUTA. (* RAUNTÖLUR) .....	26
TAFLA 8	SPÁ UM ALMENNA RAFORKUNOTKUN AÐ MEÐTALINNI NOTKUN VINNSLUFYRIRTÆKJA, FORGANGS- OG ÓTRYGGÐ ORKA, GREIND NIÐUR Á LANDSHLUTA. (* RAUNTÖLUR).....	27
TAFLA 9	BREYTINGAR Á ÁÆTLAÐRI RAFORKUNOTKUN FRÁ SÍÐUSTU ÚTGEFNU SPÁ, FORGANGSORKA. (* RAUNTÖLUR).....	29
TAFLA 10	BREYTING Á ÁÆTLAÐRI ALMENNRI RAFORKUNOTKUN FRÁ SÍÐUSTU ÚTGEFNU SPÁ, FORGANGSORKA, GREIND NIÐUR Á LANDSHLUTA. (* RAUNTÖLUR).....	30
TAFLA 11	BREYTING Á ÁÆTLAÐRI ALMENNRI RAFORKUNOTKUN FRÁ SÍÐUSTU ÚTGEFNU SPÁ, FORGANGSORKA, GREIND NIÐUR Á FLOKKA. (* RAUNTÖLUR).....	31

## MYNDASKRÁ

MYND 1	SPÁ UM RAFORKUNOTKUN, FORGANGS- OG ÓTRYGGÐ ORKA, TÍMABILID 2008–2030 ÁSAMT RAUNTÖLUM ÁRANNA 1995–2007.....	28
MYND 2	AUKNING ALMENNRRAR RAFORKUNOTKUNAR, FORGANGS- OG ÓTRYGGÐ ORKA, ÁRIN 2008–2030 ÁSAMT RAUNTÖLUM ÁRANNA 1995–2007 (LEIÐRÉTT FYRIR HITASTIG).....	28



## 1 ÁGRIP OG HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Raforkuhópur Orkuspárnefndar hefur farið yfir forsendur síðustu raforkuspár, frá 2005, út frá nýjum gögnum sem borist hafa frá því spáin kom út (sjá ritaskrá varðandi nýjar upplýsingar). Hafa ber í huga þegar tölur eru nú bornar saman við eldri spár að framsetning breytist nokkuð vegna nýs skipulags raforkukerfisins. Flutningskerfið er umfangsmeira nú en áður en á móti kemur að töp í spennum virkjana eru ekki lengur talin til flutningstapa heldur koma þau hér fram sem notkun vinnslufyrirtækja þar sem þau eiga spennana. Önnur notkun í og við virkjanir er nú flokkuð til vinnslufyrirtækja en var áður talin með veitum. Nú er einnig flokkurinn Annað felldur niður og er notkunin sem þar var færð yfir í aðra flokka en á móti er tekinn upp nýr flokkur fyrir fiskveiðar í samræmi við alþjóðlega orkutölfræði.

Raforkuvinnsla rafveitna árið 2007 var alls 11.976 GWh og var hún 1.390 GWh minni en spáin frá 2005 gerði ráð fyrir og heildarálag á kerfið var 133 MW minna en áætlað var og stafar þetta frávik aðallega af minni notkun stóriðju þar sem uppkeyrsla álvers Alcoa á Reyðarfirði var seinni en áætlanir gerðu ráð fyrir. Notkun í stóriðju var 1477 GWh minni en spáin gerði ráð fyrir. Ótryggð orka til almennra nota var 47 GWh minni en spáð var og ræður þar mestu samdráttur í veiðum á uppsjávarfiski og þar af leiðandi minni raforkunotkun fiskimjolsverksmiðja en dreifitöp af þessari notkun voru 19 GWh minni m.a. vegna breytinga á umfangi dreifi- og flutningskerfa. Ef einungis er litið á forgangsorku almenns markaðar var hún 204 GWh meiri en spáin gerði ráð fyrir, en sé notkun leiðrétt með tilliti til hitastigs er hún 243 GWh umfram spána. Þetta frávik stafar m.a. af því að notkun við framkvæmdir við orku- og iðjuver á Austurlandi voru í fullum gangi allt árið og notkun vegna þeirra því mun meiri en áætlað var. Flutningstöpin reyndust 51 GWh minni en spáð var árið 2005.

Mesta aflþörf raforkukerfisins árið 2007 varð þann 13. desember milli klukkan 16 og 17 og var þá meðalálag á orkuver kerfisins 1.825 MW og hafði aukist um 390 MW frá árinu á undan. Aflþörf almenningsveitna var á þeim tímapunkti 512 MW, þörf stóriðjufyrirtækja var 1.216 MW, vinnslufyrirtækja 48 MW og töp í flutningskerfinu námu 48 MW eða 2,7%. (Sjá nánar í viðauka 5, töflu 6).

Samkvæmt þessari spá mun almenn notkun forgangsorku aukast um 16% fram til 2015 og um 60% alls til 2030 og er notkun vinnslufyrirtækja meðtalin. Árleg aukning notkunar er tæp 2,1% að meðaltali næstu 23 árin.

Áætluð almenn forgangsorka hefur við þennan endurreikning aukist um 704 GWh fram til ársins 2030 miðað við spána frá 2005 og kemur aukningin mest fram á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Breyting frá síðasta endurreikningi stafar að hluta til af fyrirhugaðri notkun netþjónabúa og fjölgun rafbíla. Spáin hækkar nú m.a. vegna þess að gert er ráð fyrir meiri hagvexti þegar til lengri tíma er litið en í spánni frá 2005 í samræmi við mat efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis. Einnig er nú gert ráð fyrir meiri fólksfjölda á landinu í samræmi við þróun síðustu tveggja ára og í samræmi við nýjar spár um fólksfjölda auk þess sem stærð nýrra íbúða er aukin.

Í viðauka 1 hér að aftan er sýnd raforkuvinnsla á landinu árið 2007. Í viðauka 2 er raforkunotkun á landinu árið 2007 greind niður á notkunarflokkum og rafveitur. Í viðauka 3 er notkunin greind niður á notkunarflokkum og landshluta. Í viðauka 4 er notkun samkvæmt spánni skipt niður á afhendingarstaði frá meginflutningskerfinu, en þeim hefur fjölgað verulega enda stækkaði flutningskerfið við stofnun Landsnets. Teknar eru saman upplýsingar um aflþörf í raforkukerfinu á árinu 2007 í viðauka 5.

Skýrslan er yfirfarin af raforkuhópi Orkuspárnefndar. Eftirtaldir eiga sæti í hópnum:

<i>Landsnet:</i>	<i>Íris Baldursdóttir, formaður</i> <i>Ásgeir Sigtryggsson</i>
<i>Norðurorka:</i>	<i>Agnar Árnason/Baldur Dýrfjörð</i>
<i>Orkustofnun:</i>	<i>Ívar Þorsteinsson</i>
<i>Orkuveita Reykjavíkur:</i>	<i>Gunnar Aðalsteinsson</i>
<i>Rafmagnsveitur ríkisins:</i>	<i>Pétur Þórðarson</i>
<i>Samorka:</i>	<i>Sigurður Ágústsson</i>
<i>Starfsmaður raforkuhóps:</i>	<i>Jón Vilhjálmsson, Verkfræðistofan AFL</i>

Vinnslu efnis og frágang texta hafa Jón Vilhjálmsson og Ingvar Baldursson hjá Verkfræðistofunni AFL annast. Skýrslan er einnig birt á vef Orkuspárnefndar, sjá [www.orkuspa.is](http://www.orkuspa.is).

## 2 FORSENDUR

Inn í orkuspárlíkanið hafa verið sett ný gögn um raforkunotkun og vinnslu, aflþörf, mannfjölda og ýmsar hagstærðir. Hafa ber í huga að þjóðfélagið er að breytast mikið þessi árin samhliða miklum framkvæmdum í orkumannvirkjum, iðjuverum og húsbyggingum sem hefur leitt af sér mikinn aðflutning erlendra ríkisborgara til landsins á undanförunum árum. Mikilvægt er að taka tillit til þessara breytinga enda hafa þær leitt af sér mikinn vöxt í raforkunotkun á undanförunum árum. Nú eru aftur á móti blikur á lofti og bendir allt til þess að hægja muni að nýja á aukningu almennrar raforkunotkunar. Eftirtaldar breytingar hafa verið gerðar á forsendum raforkuspárinnar:

- 1) **Landsframleiðsla:** Fyrir næstu ár er tekið mið af áætlunum efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis samkvæmt tölum í þjóðhagsspá frá því í apríl 2008. Einnig er horft til áætlana bankanna en hafa verður í huga að forsendur eru mismunandi í þessum áætlunum t.d. hvað varðar nýja stóriðju. Í áætlun fjármálaráðuneytis er miðað við að landsframleiðsla hafi aukist um 7,7% árið 2004, um 7,5% árið 2005, um 4,4% árið 2006 og 3,8% árið 2007. Spáð er 0,5% aukningu árið 2008, 0,7% minnkun árið 2009 og 0,8% aukningu árið 2010. Spá til lengri tíma er eins og í síðasta endurreikningi í samræmi við mat fjármálaráðuneytis á jafnvægis hagvexti sem nú er talinn vera 2,6–2,7% á ári. Veruleg óvissa er ætíð í áætlunum um hagvöxt en hann hefur verið mikill á undanförunum árum vegna uppbyggingar orkumannvirkja og stóriðjuvera en nú hefur hægt á honum. Hér er ekki gert ráð fyrir öðrum stóriðjuframkvæmdum en þegar hefur verið samið um en líkur eru á frekari uppbyggingu í þessari grein.
- 2) **Mannfjöldi og fjöldi heimila:** Í þessum endurreikningi er tekið mið af fólksfjöldaspá Hagstofu Íslands frá 2007. Síðustu þrjú árin hafa orðið verulegar breytingar hvað varðar aðflutning fólks og af þeim sökum hefur þessi ár verið mjög mikil fólksfjöldgun hér á landi. Miðað er við aðfluttum umfram brottflutta fækki mikið á árinu 2008 þar sem mikið af erlendu vinnuafli sem unnið hefur við framkvæmdir við orku og iðjuver fer úr landi og einnig mun fækka störfum við aðra byggingastarfsemi. Til lengri tíma litið er gert ráð fyrir aðflutningi fólks umfram brottflutning og er miðað við að hann verði 600 manns árið 2010 og að hann verði síðan komin í 1.000 manns árið 2050. Þróun síðustu ára hefur verið þannig að árið 2007 fluttu um 3.100 fleiri til landsins en frá því, árið 2006 fluttu tæplega 5.300 fleiri til landsins en frá því, árið 2005 fluttu 3.860 fleiri til landsins en frá því og árið 2004 voru flutningarnir á sama veg og fjöldinn var 530 manns. Aðfluttir umfram brottflutta eru því mun fleiri þessi ár en að meðaltali síðustu 10 árin en það meðaltal er um 1.700 manns. Hafa ber í huga að miklar framkvæmdir og mikill hagvöxtur undanfarinna ára hefur skilað sér í auknum aðflutningi erlendra ríkisborgara og gera má ráð fyrir að á þessari þróun hægi þegar hagvöxtur minnkar. Þó er athyglisvert að flutningar fólks eru mestir til höfuðborgarsvæðisins eða meiri en til Austurlands á árinu 2007. Síðustu tíu ár fluttu að meðaltali 297 Íslendingar frá landinu á ári umfram þá sem fluttu til landsins en flutningarnir voru á hinn veginn hvað varðar erlenda ríkisborgara, 1.999 fleiri fluttu að meðaltali til landsins en frá því.

- 3) **Atvinnustarfsemi:** Nýjar rauntölur hafa verið settar inn varðandi atvinnustarfsemi í landinu þar sem slíkt liggur fyrir samkvæmt nýjum tölum Hagstofu Íslands. Framleiðsla einstakra greina hefur verið stillt þannig af að útreiknuð landsframleiðsla verði svipuð og miðað er við hjá Hagstofunni Hvað varðar fiskveiðar og vinnslu hafa aflatölur næstu ára verið samræmdar nýjustu tölum Hafrannsóknastofnunar og tölur til lengri tíma hafa verið endurskoðaðar í tengslum við vinnu við nýja eldsneytisspá. Loðnuafllinn er áætlaður svipaður á næstu árum og á síðasta ári.. Gert er nú ráð fyrir að það taki lengri tíma en áður var miðað við að byggja fiskistofnana upp í langtíma jafnstöðuaflla.
- 4) **Hitað húsrými og orkunotkun við hitun:** Húshitunarspá hefur verið endurreiknuð út frá rauntölum um raforkunotkun og vatnsnotkun hjá kyntum hitaveitum. Tölur um jarðvarmaveitur hafa ekki verið uppfærðar. Árið 1999 varð nokkuð stökk í aukningu íbúðarhúsnæðis skv. skráningum Fasteignamats ríkisins og hefur aukning í öllum árum síðan þá verið verulega meiri en næstu áratugi á undan. Síðustu níu árin hefur íbúðarhúsnæði aukist að meðaltali um rúmlega 1,45 Mm<sup>3</sup> á ári (1999–2007) en tímabilið 1984–1998 var aukningin rúmlega 0,83 Mm<sup>3</sup>. Aukningin hefur því verið um 75% meiri þessi 9 ár sem jafngildir tæplega 7 ára aukningu miðað við árin á undan. Mest var aukningin á síðasta ári eða um 2,4 Mm<sup>3</sup> sem er tæplega 3 föld aukning árána 1984–1998. Hafa ber í huga að á síðustu árum var mun meiri fólksfjölgun hér á landi en verið hefur síðustu áratugi en húsnæðisþörf aðflutts fólks er þó mun minni en þess fólks sem fyrir er svo sem vegna þess að margt af því býr í vinnubúðum auk þess sem erlendir einstaklingar sem dvelja hér í stuttan tíma búa oft þröngt. Einnig hefur meðalstærð íbúða verið að aukast og ef horft er á aukninguna í fasteignamati hefur hún jafngilt því að meðalstærðin hafi verið um 500 m<sup>3</sup> síðustu fjögur ár en lengi vel var meðalstærð nýrra íbúða um 440 rúmmetrar. Í húshitunarspánni er gert ráð fyrir að dragi að nýju úr aukningu íbúðarhúsnæðis og að íbúðatíðni haldist óbreytt út spátímabilið. Ekki er þó gert ráð fyrir að íbúðir verði eins stórar í framtíðinni og nýjar íbúðir eru nú heldur að á næstu árum minnki þær að nýju og fari niður í 470 rúmmetra árið 2010 og haldist óbreyttar eftir það út spátímabilið.
- 5) **Raforkunotkun heimila:** Í raforkuspá frá 2005 kom fram að raforkunotkun á heimilum hafði aukist verulega á síðasta áratug og á allra síðustu árum hefur þessi þróun haldið áfram. Heildarfjöldi íbúða er um 125.600 í lok ársins 2007 og hafði fjölgaði um 4.900 íbúðir frá fyrra ári og þar af voru 1.885 íbúðir á Suðurnesjum og 2.021 íbúðir á höfuðborgarsvæðinu. Almenn heimilisnotkun jókst á árinu en ef miðað er við orkunotkun á íbúð varð hún aðeins minni en árið áður eða um 4.800 kWh á íbúð. Notkun sumarbústaða jókst um 24% milli árána 2006 og 2007 og er hún um 70 GWh og er það svipuð notkun og í gróðurhúsum. Á sama tíma fjölgaði sumarbústöðum um 6% skv. tölum Fasteignamats ríkisins og er fjöldi þeirra um 13.500 í lok ársins 2007. Ein ástæða aukinnar notkunar rafmagns í sumarbústöðum gæti verið fjölgun heitra potta sem eru rafkyntir. Líkleg notkun slíkra potta er um 2,5 MWh á ári. Raforkunotkun heimila hefur aukist mikið síðustu tvö ár samhliða mikill fjölgun íbúða og reyndist spáin fyrir heimilisnotkun því lægri en rauntalan og munaði 43 GWh. Spá um orkunotkun heimila er nú hækkuð með hliðsjón af reynslu síðasta árs.

- 6) **Raforkunotkun í landbúnaði:** Raforkunotkun í landbúnaði var 44 GWh meiri en spáð var árið 2005 og skýrist það annars vegar af meiri raforkunotkun í gróðurhúsum og hins vegar meiri rafhitun íbúnaðarhúsnæðis á býlum. Á síðustu fjórum árum hefur raforkunotkun gróðurhúsa aukist um 8,6 GWh á ári og er orðin 69 GWh sem er tæpur þriðjungur af raforkunotkun landbúnaðar. Gert er ráð fyrir að notkunin aukist um 3 GWh á ári næstu 5 ár. Í lok spátímabilsins verður raforkunotkun garðyrkju rúmar 110 GWh sem er um 40% af raforkunotkun landbúnaðar. Þó svo að býlum þar sem landbúnaður er aðalvinnugrein fari fækkandi skilar það sér ekki strax í raforkunotkun þar sem notkun heimila í dreifbýli er oft flokkuð áfram með landbúnaði þó svo að hann sé ekki lengur aðalvinnugreinin.
- 7) **Raforkunotkun í iðnaði:** Raforkunotkun í iðnaði er ekki hægt að bera beint saman við fyrra ár í töflunum hér á eftir þar sem nú er tekin út sú notkun sem vinnslufyrirtæki nota eða selja beint án þess að orkan fari um kerfi dreifiveitna. Þetta gerir það að verkum að 73 GWh af byggingarafmagni er ekki talið nú með iðnaði. Ef tekið er tillit til þessa verður raforkunotkun í iðnaði 19 GWh minni en gert var ráð fyrir í spánni 2005. Þetta stafar mest af dræmri loðnuveiði síðastliðin ár og hefur notkun fiskimjolsverksmiðja á ótryggðri orku minnkað um 30 GWh frá árinu 2004 til 2007. Notkun raforku við framkvæmdir á Austurlandi vegna stóriðju og virkjana var um 50 GWh meiri en áætlun gerði ráð fyrir, aðallega vegna aukinnar notkunar við byggingu Kárahnjúkavirkjunar. Notkun vegna virkjunarinnar var um 63 GWh umfram spána frá 2005. Aftur á móti var raforkunotkun við byggingu álvers Fjarðaáls um 1 GWh minni en gert var ráð fyrir í spánni frá 2005. Nú er gert ráð fyrir að orkunotkun vegna byggingar Kárahnjúkavirkjunar verði um 30 GWh árið 2008 og 5 GWh árið 2009. Í spáforsendum árið 2005 (sjá töflu 4.7 í Raforkuspá 2005) var gert ráð fyrir að framkvæmdum lyki árið 2007.

Notkun forgangsorku í fiskiðnaði minnkaði um 20 GWh frá árinu 2004 til 2007. Veiðiráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar fyrir fiskveiðiárið 2007 til 2008 gerði ráð fyrir verulegum samdrætti í veiðum á botnfiski og var tekið mið af þessum tillögum í endurreikningi síðasta árs og þá var gert ráð fyrir að botnfiskaflí verði um 450 þúsund tonn árið 2008. Botnfiskaflí var 487 þúsund tonn árið 2007. Veiðiráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar fyrir fiskveiðiárið 2008 til 2009 gerir ráð fyrir samdrætti í veiðum á botnfiski. Ákvörðun sjávarútvegsráðherra um leyfilegan hámarksafl er aðeins meiri en tillögur Hafrannsóknarstofnunar. Hér er gert ráð fyrir að botnfiskaflí verði um 380 þúsund tonn árið 2009, sem er tæp 110 þúsund tonn minni en árið 2007. Af þessum sökum mun notkun forgangsorku minnka um tæpar 90 GWh ef miðað er við Raforkuspá frá 2005.

Loðnuveiði hefur gengið verr í ár en í fyrra og er búið að veiða tæp 150 þúsund tonn sem er helmingi minni afli en á sama tíma í fyrra. Kolmunnaveiðin hefur einnig verið minni á þessu ári en á því síðasta. Kolmunnaaflinn er orðin um 160 þúsund tonn en var um 240 þúsund tonn árið 2007. Veiðar á öðrum uppsjávarfiski, aðallega makríl, hafa aukist úr 37 þúsund tonnum í 66 þúsund tonn. Forsendur um notkun á ótryggðri orku í fiskiðnaði eru óbreyttar, nema hvað tilfærsla er milli landshluta. Bræðslustarfsemi HB Granda færir frá Akranesi til Vopnafjarðar. Krossanes verksmiðjan á Akureyri hefur

hætt starfsemi. Engin bræðsla var starfrækt í Grindavík á síðasta ári. Hér er gert ráð fyrir að notkun á ótryggðri orku á árinu 2008 dragist saman um 22 GWh á Suðurnesjum, 10 GWh á Norðurlandi en aukist um 19 GWh á Austurlandi, 6 GWh á Vesturlandi, 3 GWh á höfuðborgarsvæðinu og 2 GWh á Suðurlandi miðað við endurreikning síðasta árs.

Fyrirhugað er að reisa verksmiðjur til að tappa vatni á flöskur í Þorlákshöfn og á Rífi. Einnig er í skoðun vatnsverksmiðjur á Patreksfirði og á Hvammstanga. Hér er um nokkra raforkunotkun að ræða en gert er ráð fyrir að hún geti rúmast innan þeirra almennu forsendna sem hér er miðað við varðandi þróun iðnaðar.

- 8) **Raforkunotkun við þjónustustarfsemi:** Við þennan endurreikning var ákveðið að færa notkunarflokk 0 Óflokkað, 1525 Keflavíkurflugvöllur og önnur NATO starfsemi, 1811 Götu- og hafnarlýsing og 1812 Rafmagn til skipa frá hópnum Annað yfir í Þjónustu og er erfitt að bera saman í þjónustu sem hér kemur fram við eldri.. Notkun í þessum flokkum var 103 GWh árið 2007. Tölur innan sviga er tölur miðað við gömlu skilgreiningu hópsins. Notkun forgangsorku í þjónustu var 112 (9) GWh meira en spáð var. Heildarraforkunotkun í þjónustu var 991 (888) GWh árið 2007 og þar af nam sala á ótryggðri orku um 18 GWh en þar er aðallega um að ræða hitun skóla og sundlauga.

Bandaríkjastjórn ákvað snemma árs 2006 að leggja niður herstöðina á Miðnesheiði og var varnarliðið horfið á braut á seinni hluta ársins. Eitthvað af starfseminni sem var á vegum varnarliðsins mun flytjast yfir til íslenskra yfirvalda, s.s. þjónusta tengd rekstri og öryggi flugvallarins. Orkunotkun varnarliðsins á Suðurnesjum var um 61 GWh árið 2005, 47 GWh árið 2006 og 26 GWh árið 2007 sem er 7 GWh minni notkun en endurreikningur síðasta árs gerði ráð fyrir. Hér er gert ráð fyrir að notkunin verði óbreytt út spátímabilið eða 26 GWh.

Erlendir aðilar hafa verið að kanna möguleika á því að koma á laggirnar netþjónabúum hér á landi, og má í því sambandi nefna netfyrirtækið Yahoo og hugbúnaðarfyrirtækið Microsoft. Netþjónabú eru rafrænar gagnageymslur og miðlarar. Talið er að þörf fyrir netþjónabú í heiminum muni aukast, þar sem magn upplýsinga sem geyma þarf á rafrænu formi vex stöðugt. Fulltrúar Microsoft hafa nefnt að ef af byggingu netþjónabúsins verði hafi þeir hug á því að hefja starfsemi þess innan tveggja til þriggja ára, en það krefst þess að lagður verði nýr ljósleiðari til landsins og að samningur náist um orkukaup. Rætt hefur verið um að aflþörf netþjónabús geti numið tugum megawatta. Landsvirkjun hefur undirritað samning um orkusölu til Verne Holding vegna netþjónabús sem þeir eru að setja upp á Keflavíkurflugvelli. Starfsemin á að hefjast á árinu 2009 og notkunin skv. samningnum verður komin í 25 MW á árinu 2012. Fyrirtækið hefur kauprétt á öðrum 25 MW. Landsvirkjun hefur einnig skrifað undir viljayfirlýsingu við Greenstone ehf. um sölu á 50 MW til tveggja fyrirhugaðra netþjónabúa sem hefja eiga rekstur árið 2010.

Raforkunotkun vegna bifreiða er endurmetin og er stuðst við forsendur frá Eldsneytisþá 2008. Þar er gert ráð fyrir að á árinu 2030 verði um 17% af eldsneytisþörf bifreiða fengin frá öðrum orkugjafa en bensíni eða díselolíu. Hér er gert ráð fyrir að 25% af þessum

bifreiðum verði rafmangsbílar árið 2015 og 90% árið 2030. Raforkunotkun þessara bifreiða verður um 140 GWh árið 2030 sem er um 100 GWh aukning frá fyrri spá.

- 9) **Veitur:** Breyting var gerð á framsetningu gagna við endurreikning á árinu 2006 á þann hátt að raforkunotkun vinnslufyrirtækja á svæðum virkjana var talin sér þar sem sú orka fer hvorki um flutnings- né dreifikerfi raforku, þetta sést í töflum 3, 4 og 5. Þetta er raforkunotkun á Nesjavöllum, í Hellisheiðarvirkjun, í Svartsengi, á Reykjanesi og eigin notkun Landsvirkjunar. Árið 2006 er þessi notkun samtals 248 GWh og er hluti hennar vegna dælingar á vatni (115 GWh) en einnig er um að ræða töp í spennum virkjana sem áður töldust með flutningstöpum. Með tilkomu Kárahnjúkavirkjunar og aukinnar vinnslu Hellisheiðarvirkjunar og Reykjanesvirkjunar varð þessi notkun 310 GWh árið 2007. Heildarnotkun í veitustarfsemi var 587 GWh árið 2007 sem er 68 GWh meira en árið áður og er aukningin aðallega til komin vegna virkjananna sem nefndar eru hér að undan. Miðað er við að töp í spennum þessara virkjana nemi um 0,5% af vinnslunni. Áætlað er að samhliða aukinni vinnslu Kárahnjúkavirkjunar og Hellisheiðarvirkjunar mun notkun vinnslufyrirtækja aukast um 13 GWh árið 2008.
- 10) **Fiskveiðar (áður Annað):** Við þennan endurreikning var hópurinn Annað felldur niður en í staðin koma Fiskveiðar og er þetta gert samkvæmt tillögu Orkustofnunar til samræmingar við alþjóðlega orkutölfræði. Í hópunum Fiskveiðar eru notkunarflokkarnir 109 Fiskirækt, 122 Fiskveiðar og 123 Sportveiðar, en þessir notkunarflokkar voru áður í hópunum Annað. Aðrir notkunarflokkar úr hópunum Annað færast yfir í Þjónustu, en það eru notkunarflokkarnir 0 Óflokkað, 1525 Keflavíkurflugvöllur og önnur NATO starfsemi, 1811 Götu- og hafnarlýsing og 1812 Rafmagn til skipa. Notkun í fiskveiðum var 38 GWh árið 2007.
- 11) **Flutnings- og dreifitöp:** Flutningskerfi Landsnets tók yfir hluta af aðveitukerfi landsins árið 2005 og teljast því töp í því kerfi nú með flutningstöpum. Flutningstöp árið 2007 voru 330 GWh sem er um 2,9% af orku sem fer inn á flutningskerfi Landsnets eða 2,8% af vinnslu virkjana þar sem nokkrar smávirkjanir afhenda orku beint inn á dreifikerfin. Töp sem áætluð hafa verið af ótryggðri orku hafa að stórum hluta verið í þessu kerfi og af þeim sökum eru dreifitöp ótryggðrar orku minnkuð úr 4,5% í 2% frá og með árinu 2005. Frá og með árinu 2006 eru dreifitöp ótryggðrar orku á Austurlandi og Suðurlandi reiknuð 1%. Spennar í virkjunum tilheyra nú virkjununum og töp í þeim eru því ekki lengur talin með flutningstöpum. Flutningstöp voru 3% á árinu 2005 eða svipuð og þau voru árið 2004 og hafa því tveir fyrrnefndu þættirnir nokkurn veginn vegið hvor annan upp, þ.e. meiri töp vegna aukins umfangs kerfisins jafnast út á móti því að töp í spennum virkjana flytjast yfir til vinnslufyrirtækjanna. Dreifitöp eru reiknuð út frá mismun á mældri orku inn á dreifikerfin og notkun samkvæmt notkunarskýrslum. Orka inn á dreifikerfin er sú orka sem dreifiveita fær afhenta frá Landsneti að viðbætti orkuframleiðslu smávirkjana og dísilvéla beint inn á dreifikerfið og síðan er dregin frá innmötun inn á flutningskerfið frá dreifikerfinu. Dreifitöpum var breytt í samræmi við rauntölur síðasta árs.

- 12) **Orkunotkun stóriðju:** Orkunotkun stóriðjufyrirtækja var aðeins undir gerðum orkusamningum fyrir árið 2007. Orkunotkunin var 8.133 GWh en í samningum er miðað við 8.290 GWh. Alcoa hefur samið við Landsvirkjum, til viðbótar fyrri samningum, um kaup á 40 MW í afli eða um 327 GWh í orku. Landsnet treystir sér ekki til að flytja nema 20 MW til viðbótar því sem fyrir er og er því óljóst hvenær Alcoa geti nýtt sér þennan viðbótarsamning að fullu. Hér er gert ráð fyrir 40 MW viðbót til Alcoa, sjá töflu 1 á bls 20.

Í ágústmánuði 2007 samdi ítalska fyrirtækið Becromal við Landsvirkjun um kaup á 75 MW vegna aflþynnuverksmiðju sem rísa á í Krossanesi við Akureyri. Orkuþörf verksmiðjunnar verður um 640 GWh þegar hún verður komin í fullan rekstur, fyrirhugða er að hefja starfsemi seint á árinu 2008 eða í byrjun árs 2009. Íslenska fjárfestingarfélagið Strokkur Energy ehf. mun eiga 40% í verksmiðjunni á móti Becromal. Aflþynnur eru notaðar í rafþetta en eftirspurn eftir þeim hefur aukist enda eru þeir notaðir í ýmsan rafeindabúnað.

Á árinu 2007 gerði Norðurál orkusamning annars vegar við Hitaveitu Suðurnesja og hins vegar við Orkuveitu Reykjavíkur um að afhenda orku til fyrirhugaðs álvers í Helguvík og þar er gert ráð fyrir að afhenda 250 MW til fyrsta áfanga álversins sem fyrirhugað er að hefji starfsemi á seinni hluta ársins 2010. Framleiðslugeta fyrsta áfanga verður 150 þúsund tonn á ári og verður árleg orkunotkun álversins um 2.000 GWh. Í fréttatilkynningu Norðuráls hefur komið fram að á síðari stigum mun fullbúið álver afkasta 250 þúsund tonnum á ári og aflþörfin vera um 435 MW. Í byrjun júní 2008 var tekin skóflustunga að álveri Norðuráls í Helguvík. Búið er að semja um byggingu á kerskála og er áætlað að rekstur hefjist fyrir árslok 2010. Umhverfisstofnun auglýsti í júní drög að starfsleyfi fyrir 250 þúsund álveri og er frestur til að gera athugasemdir ekki liðinn. Þar sem ekki hefur verið gengið frá öllum þáttum vegna framkvæmda í Helguvík er ekki gert ráð fyrir þessari notkun í endurreikningnum núna.

Í júní 2008 framlengdu fulltrúar Alcoa, ríkisstjórnar Íslands og Norðurþings viljayfirlýsingu frá árinu 2006 um rannsóknir á hagkvæmni þess að reisa álver á Bakka við Húsavík. Til skoðunar er 250 þúsund tonna álver sem verði komið í rekstur árið 2015. Nýleg ákvörðun umhverfisráðherra um að allar framkvæmdir tengdar áverinu þurfi að fara í sameiginlegt umhverfismat gæti seinkað eitthvað byggingu álversins.

Hafnfirðingar höfnuðu í íbúakosningu, þann 31. mars 2007, nýju deiliskipulagi sem gerði ráð fyrir stækkun álvers Rio Tinto Alcan í Straumsvík í 460 þúsund tonna ársframleiðslu. Alcan hefur skoðað aðra möguleika hér á landi svo sem að fyrirtækið reisi nýja verksmiðju á Keilisnesi eða við Þorlákshöfn. Slík áform hafa verið lögð til hliðar eftir stefnubreytingu Landsvirkjunar hvað varðar sölu á raforku til nýrra álvera á Suður- og Vesturlandi. Í júní/júlí 2008 sótti Alcan um mengunarkvóta vegna aukinnar framleiðslu í Straumsvík úr 180 þúsund tonnum í 215 þúsund tonn sem á að fást með tæknilegum endurbótum á núverandi álveri. Aflþörf vegna þessarar aukningar er um 75 MW en þessi aukning er ekki tekin með núna þar sem ekki liggur endanlega fyrir hvernig staðið verður að þessari aukningu.



Fleiri aðilar hafa sýnt áhuga á að byggja álver við Þorlákshöfn. Bæjarstjórn Ölfuss ásamt fleiri aðilum hafa unnið að stofnun fyrirtækisins Þórsáls sem hefur í hyggju að standa að uppbyggingu álvers og álgarða við Þorlákshöfn. Fyrirhugað er að reisa álver með 60 þúsund tonna framleiðslugetu á ári sem gæti stækkað í 270 þúsund tonn. Einnig er stefnt á fullvinnslu áls í iðngörðum. Í desember 2007 undirrituðu Landsvirkjun og Becromal á Íslandi viljayfirlýsingu um viðræður vegna raforkukaupa til hreinkísilverksmiðju sem yrði starfrækt í Þorlákshöfn og myndi nota allt að 150 MW og um 1.300 GWh á ári. Hreinkísill er notaður í framleiðslu sólarrafala.



### 3 ÁÆTLUÐ RAFORKUNOTKUN

Raforkuspáin hefur verið endurreiknuð og eru niðurstöðurnar sýndar í töflum 2 til 8 auk þess sem notkun stóriðju samkvæmt þegar gerðum samningum er sýnd í töflu 1.

Rauntölur um raforkunotkun eru í töflunum hér að aftan einungis sýndar frá árinu 2000 en þeir sem vilja sjá tölur lengra aftur í tímann geta fundið þær í eldri raforkuspám Orkuspárnefndar. Tafla 2 sýnir notkunina á landinu næstu árin samkvæmt spánni þar sem hún er greind niður á almenna notkun með dreifitöpum, almenna ótryggða notkun með dreifitöpum, núverandi stóriðju og flutningstöp. Orkunotkun stóriðju er ekki skipt í töflunni á milli forgangsorku og ótryggðrar orku eins og gert hefur verið í fyrri skýrslum þar sem sú skipting er ekki lengur mjög skýr í samningum um slíka sölu eins og hún var áður fyrr. Á síðustu árum hefur verið metið að ákvæði samninga jafngildi að um 10% orkunnar séu ótryggð orka en frá og með endurreikningi frá árinu 2006 er slíku mati hætt. Ótryggð orka almennra notenda er í samræmi við þá samninga sem gerðir hafa verið um þessa notkun auk áætlunar um nýja samninga á næstu árum og sýnir því þann markað sem er til staðar en notkunin getur verið minni í einstökum árum þegar slík orka er ekki að fullu tiltæk auk þess sem aflabrestur á uppsjávarfiski getur gert það að verkum að notkunin verði nokkru minni en áætlanir gera ráð fyrir.

Tafla 3 sýnir almenna notkun greinda niður á þætti og nær hún einungis til forgangsorku. Þar kemur fram að aukning forgangsorku var 5,0% árið 2007, 5,3% árið 2006, 4,7% árið 2005 og 5,3% árið 2004 en mikil aukning þessi ár er vegna mikils hagvaxtar samhliða virkjana- og stóriðjuframkvæmdum. Á árinu 2008 hægir á aukningu notkunar þegar stóriðjuframkvæmdum á Austurlandi lýkur og raforkunotkun við framkvæmdirnar fellur niður. Þegar til lengri tíma er litið er búist við að notkunin aukist um 2,1% á ári. Frá og með árinu 2005 er notkun hjá vinnslufyrirtækjum sýnd í sér dálki aftan við dreifitöpin þar sem sú notkun fer ekki um dreifikerfið. Þessi notkun flokkaðist áður að mestu til veitna og flutningstapa. Þar að auki fluttist þá hluti dreifitapanna yfir í flutningstöp vegna aukins umfangs flutningskerfisins en á móti færðust töp í spennum virkjana yfir í dálkinn Vinnslufyrirtæki. Eins og áður er komið fram virðast þessar tvær breytingar á flutningstöpunum nánast jafnast út svo þau eru svipuð og fyrir breytinguna.

Í töflu 4 er ótryggða orkan sýnd og öll almenn raforkunotkun er síðan greind niður á þætti í töflu 5. Almennri notkun, að meðtöldum dreifitöpum, er skipt niður á landshluta í töflum 6 til 8 eftir því hvort um ræðir forgangsorku, ótryggða orku eða orku alls.

Fimm fyrirtæki eru talin hér til orkufreks iðnaðar en það eru Rio Tinto Alcan (áður Íslenska álfélagið), Íslenska járnblendifélagið (í eigu Elkem), Norðurál (í eigu Century Aluminum), Alcoa og Becromal. Alcoa hóf álframleiðslu á Reyðarfirði vorið 2007 og Becromal fyrirhugar að hefja starfsemi aflþynnuverksmiðju á árinu 2009. Í töflu 1 sést orkunotkun samkvæmt þegar gerðum samningum stóriðjufyrirtækja fram til ársins 2013.

**Tafla 1 Raforkunotkun stóriðjufyrirtækja næstu árin. (\* rauntölur)**

Ár	ALCAN		Íslenska járnblendi- félagið		Norðurál		ALCOA Fjarðaál		Becromal		Samtals	
	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW
2007*	2.863	339	1.002	130	3.590	469	657	312	0	0	8.113	1.250
2008	2.759	335	981	130	3.872	485	5.031	615	0	0	12.643	1.565
2009	2.759	335	981	130	3.872	485	5.031	615	476	75	13.119	1.640
2010	2.759	335	981	130	3.872	485	5.031	615	638	75	13.281	1.640
2011	2.759	335	981	130	3.872	485	5.031	615	638	75	13.281	1.640
2012	2.759	335	981	130	3.872	485	5.031	615	638	75	13.281	1.640
2013	2.759	335	981	130	3.872	485	5.031	615	638	75	13.281	1.640

**Tafla 2 Spá um raforkunotkun, forgangsorka og ótryggð orka. Almenn notkun að meðtöldum dreifitöpum og núverandi og samþykkt ný stóriðja. (\* rauntölur)**

Ár	Almenn forgangsnotkun með dreifitöpum		Almenn ótryggð notkun m. dreifitöpum		Núverandi stóriðja		Flutnings- töp		Samtals	
	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW
2000*	2.441	417	335	74	4.682	581	221	43	7.679	
2001*	2.494	434	330	76	4.955	631	249	54	8.028	
2002*	2.548	430	370	80	5.221	627	271	46	8.410	
2003*	2.580	443	426	91	5.231	624	261	44	8.498	1.157
2004*	2.718	491	418	95	5.232	626	255	47	8.623	1.177
2005*	2.845	504	391	93	5.191	627	254	45	8.681	1.201
2006*	2.995	530	396	82	6.265	847	269	45	9.925	1.436
2007*	3.143	562	390	88	8.113	1.250	330	54	11.976	1.825
2008	3.175	568	419	93	12.643	1.565	416	73	16.654	2.212
2009	3.149	564	434	97	13.119	1.565	428	75	17.131	2.212
2010	3.222	577	456	101	13.281	1.565	435	76	17.393	2.228
2015	3.631	651	468	104	13.281	1.565	446	78	17.825	2.296
2020	4.069	730	483	107	13.281	1.565	457	80	18.289	2.374
2025	4.551	818	495	110	13.281	1.565	470	82	18.797	2.460
2030	5.035	905	505	112	13.281	1.565	483	85	19.304	2.545

**Tafla 3 Spá um almenna raforkunotkun greind niður á flokka, forgangsorka. (\* rauntölur)**

Ár	Íbúa- fjöldi	Heimili GWh	Land- búnaður GWh	Iðn- aður GWh	Þjón- usta GWh	Veitur GWh	Annað / Fisk- veiðar GWh	Orku- sala GWh	Dreifi- töp GWh	Vinnslu- fyrirtæki GWh	Orku- kaup GWh	Aukn- ing %	Aflþörf dreif- ingar MW	Aflþörf vinnslu- fyrirtækja MW
2000*	281.154	639	188	420	642	230	182	2.301	140		2.441	3,5	417	
2001*	285.025	641	188	427	655	230	187	2.327	167		2.494	2,2	434	
2002*	287.559	677	187	421	686	233	182	2.385	163		2.548	2,2	430	
2003*	289.272	676	182	424	692	231	185	2.389	191		2.580	1,3	443	
2004*	292.587	718	195	477	732	239	186	2.546	172		2.718	5,3	491	
2005*	295.864	743	204	418	755	96	179	2.395	172	278	2.845	4,7	457	47
2006*	304.334	797	213	431	815	98	160	2.514	139	342	2.995	5,3	479	51
2007*	311.396	827	224	439	973	99	38	2.600	160	383	3.143	5,0	503	59
2008	317.213	856	228	390	1.010	107	38	2.630	172	374	3.175	1,0	510	58
2009	320.475	869	225	366	1.024	108	38	2.629	171	349	3.149	-0,8	510	54
2010	323.750	885	226	359	1.082	109	38	2.700	175	347	3.222	2,3	524	53
2015	340.810	961	244	362	1.344	120	40	3.070	196	365	3.631	1,8	595	56
2020	357.269	1.047	259	444	1.533	141	42	3.465	221	384	4.069	2,4	671	59
2025	372.391	1.141	273	515	1.782	148	43	3.901	247	403	4.551	2,1	756	62
2030	385.724	1.243	284	559	2.056	153	45	4.340	272	424	5.035	2,1	840	65

Tafla 4 Spá um almenna raforkunotkun greind niður á flokka, ótryggð orka. (\* rauntölur)

Ár	Íbúa- fjöldi	Heimili GWh	Land- búnaður GWh	Iðn- aður GWh	Þjón- usta GWh	Veitur GWh	Annað / Fisk- veiðar GWh	Orku- sala GWh	Dreif- töp GWh	Vinnslu- fyrirtæki GWh	Orku- kaup GWh	Aukn- ing %	Aflþörf dreif- ingar MW	Aflþörf vinnslu- fyrirtækja MW
2000*	281.154	0	0	129	11	177	0	317	18		335	12,1	74	
2001*	285.025	0	0	130	11	173	0	314	17		330	-1,4	76	
2002*	287.559	0	0	159	14	179	0	351	19		370	11,9	80	
2003*	289.272	0	0	215	14	175	0	404	22		426	15,2	91	
2004*	292.587	0	0	202	16	178	0	395	22		418	-1,9	95	
2005*	295.864	0	0	191	17	175	0	383	7,8		391	-6,4	93	
2006*	304.334	0	0	201	17	172	0	391	5,7		396	1,4	82	
2007*	311.396	0	0	189	18	178	0	384	5,8		390	-1,6	88	
2008	317.213	0	0	210	19	184	0	413	6,0		419	7,3	93	
2009	320.475	0	0	222	19	187	0	428	6,2		434	3,7	97	
2010	323.750	0	0	242	19	188	0	449	6,4		456	4,9	101	
2015	340.810	0	0	248	21	193	0	461	6,6		468	0,5	104	
2020	357.269	0	0	251	23	202	0	476	6,8		483	0,6	107	
2025	372.391	0	0	255	24	210	0	488	7,0		495	0,5	110	
2030	385.724	0	0	258	26	214	0	498	7,1		505	0,4	112	

**Tafla 5 Spá um almenna raforkunotkun greind niður á flokka, forgangsorka og ótryggð orka. (\* rauntölur)**

Ár	Íbúa- fjöldi	Heimili GWh	Land- búnaður GWh	Iðn- aður GWh	Þjón- usta GWh	Veitur GWh	Annað/ Fisk- veiðar GWh	Orku- sala GWh	Dreif- töp GWh	Vinnslu- fyrirtæki GWh	Orku- kaup GWh	Aukn- ing %	Aflþörf dreif- ingar MW	Aflþörf vinnslu- fyrirtækja MW
2000*	281.154	639	188	549	653	407	182	2.618	158		2.776	4,6	460	
2001*	285.025	641	188	557	666	402	187	2.641	184		2.825	1,8	472	
2002*	287.559	677	187	580	699	411	182	2.736	182		2.918	3,3	489	
2003*	289.272	676	182	638	706	406	185	2.793	213		3.006	3,0	517	
2004*	292.587	718	195	678	748	416	186	2.941	194		3.136	4,3	533	
2005*	295.864	743	204	608	772	271	179	2.778	180	278	3.236	3,2	528	47
2006*	304.334	797	213	632	832	271	160	2.905	144	342	3.391	4,8	538	51
2007*	311.396	827	224	628	991	277	38	2.984	166	383	3.533	4,2	550	59
2008	317.213	856	228	600	1.029	291	38	3.043	178	374	3.594	1,7	561	58
2009	320.475	869	225	588	1.043	295	38	3.058	177	349	3.584	-0,3	563	54
2010	323.750	885	226	602	1.101	297	38	3.149	181	347	3.677	2,6	579	53
2015	340.810	961	244	610	1.364	313	40	3.531	203	365	4.099	1,6	644	56
2020	357.269	1.047	259	695	1.556	343	42	3.940	227	384	4.551	2,2	719	59
2025	372.391	1.141	273	769	1.806	357	43	4.390	253	403	5.046	1,9	801	62
2030	385.724	1.243	284	817	2.082	367	45	4.838	279	424	5.540	1,9	882	65



**Tafla 6 Spá um almenna raforkunotkun að meðtalinni notkun vinnslufyrirtækja, forgangsorka, greind niður á landshluta. (\* rauntölur)**


Ár	SN GWh	HS GWh	VL GWh	VF GWh	NL GWh	AL GWh	SL GWh
2000*	226,7	945,3	194,3	134,3	392,7	223,9	323,8
2001*	230,7	981,7	189,3	132,9	398,6	226,6	334,5
2002*	235,4	1.005,6	187,6	135,7	402,9	224,6	356,4
2003*	235,7	1.036,2	182,8	133,2	396,0	233,2	363,2
2004*	232,8	1.074,4	194,0	135,5	401,1	286,7	393,5
2005*	229,7	1.122,1	196,3	131,7	406,7	327,4	430,8
2006*	238,4	1.190,0	206,9	131,4	406,6	351,8	469,7
2007*	240,1	1.296,2	217,9	129,0	421,6	339,9	498,1
2008	244,8	1.358,7	217,9	129,0	427,9	294,4	502,8
2009	264,9	1.365,7	216,6	126,8	422,2	255,6	497,5
2010	317,4	1.391,9	216,8	125,8	421,1	248,5	500,3
2015	444,2	1.608,1	228,0	128,9	438,2	250,6	533,0
2020	471,6	1.878,9	244,6	139,3	473,7	276,6	584,2
2025	497,6	2.219,0	260,0	147,8	507,9	299,6	619,0
2030	520,2	2.591,9	273,0	152,0	537,6	312,5	648,0

**Tafla 7 Spá um almenna raforkunotkun, ótryggð orka, greind niður á landshluta. (\* rauntölur)**


Ár	SN GWh	HS GWh	VL GWh	VF GWh	NL GWh	AL GWh	SL GWh
2000*	33,2	9,7	0,7	77,3	65,4	72,5	76,2
2001*	28,4	11,3	0,9	77,2	67,5	77,1	68,0
2002*	34,1	13,0	0,9	79,5	71,8	98,1	72,6
2003*	28,3	12,8	4,5	79,2	69,8	147,4	83,9
2004*	8,6	15,7	6,9	84,5	60,2	156,7	85,2
2005*	8,7	16,2	4,7	84,5	59,0	135,1	82,8
2006*	5,4	21,3	13,8	83,9	53,7	133,7	84,4
2007*	10,0	26,0	17,2	85,3	47,8	113,6	90,1
2008	10,2	26,6	17,0	83,9	47,6	140,3	93,0
2009	10,3	27,1	17,1	84,2	47,8	153,8	94,1
2010	10,3	27,7	17,2	84,1	48,0	173,3	94,9
2015	10,6	30,5	17,4	85,0	48,8	175,9	99,6
2020	11,0	32,4	17,8	88,8	49,6	179,6	103,3
2025	11,4	34,3	18,2	91,6	50,4	182,9	106,7
2030	11,7	36,2	18,6	92,5	51,2	185,4	109,6

**Tafla 8 Spá um almenna raforkunotkun að meðtalinni notkun vinnslu-  
fyrirtækja, forgangs- og ótryggð orka, greind niður á landshluta.  
(\* rauntölur)**

Ár	SN GWh	HS GWh	VL GWh	VF GWh	NL GWh	AL GWh	SL GWh
2000*	259,9	955,0	195,0	211,6	458,1	296,3	400,0
2001*	259,1	993,0	190,2	210,2	466,1	303,7	402,5
2002*	269,5	1.018,6	188,5	215,3	474,6	322,6	428,9
2003*	264,0	1.049,0	187,3	212,4	465,8	380,6	447,0
2004*	241,4	1.090,1	200,9	220,0	461,3	443,4	478,6
2005*	238,3	1.138,3	201,0	216,1	465,7	462,5	513,6
2006*	243,7	1.211,2	220,7	215,3	460,4	485,5	554,1
2007	250,1	1.322,3	235,2	214,3	469,4	453,6	588,2
2008	255,0	1.385,3	234,9	212,8	475,5	434,7	595,9
2009	275,2	1.392,9	233,7	211,0	470,0	409,4	591,6
2010	327,8	1.419,6	234,0	209,9	469,1	421,8	595,2
2015	454,9	1.638,6	245,5	213,9	487,0	426,6	632,6
2020	482,5	1.911,3	262,4	228,2	523,3	456,2	687,5
2025	508,9	2.253,3	278,2	239,4	558,3	482,4	725,7
2030	531,9	2.628,0	291,6	244,6	588,9	497,9	757,6



**Mynd 1** Spá um raforkunotkun, forgangs- og ótryggð orka, tímabilið 2008–2030 ásamt rauntölum áráanna 1995–2007.



**Mynd 2** Aukning almennrar raforkunotkunar, forgangs- og ótryggð orka, árin 2008–2030 ásamt rauntölum áráanna 1995–2007 (leiðrétt fyrir hitastig).

## 4 SAMANBURÐUR VIÐ SPÁ FRÁ 2005

Áætluð notkun í lok spátímabils hefur hækkað frá spánni frá 2005 eins og fram kemur í töflum 9 til 11. Þessi hækkun verður í þjónustu, heimilum og landbúnaði. Meginskýring þessarar hækkunar er sú að nú er gert ráð fyrir meiri hagvexti en áður sem skilar sér sérstaklega í aukinni notkun í þjónustu og iðnaði. Einnig er nú gert ráð fyrir meiri fólksfjölda á landinu og að nýjar íbúðir verði stærri en áður var miðað við. Aukin notkun í landbúnaði er vegna aukinnar notkunar til lýsingar í gróðurhúsum og vegna aukins fólksfjölda. Fyrirhuguð netþjónabú og notkun rafbíla hafa þau áhrif að notkun í flokknum þjónustu eykst. Gerð var nú sú breyting á flokkun notkunar að stór hluti notkunar sem áður flokkaðist undir Annað færast yfir í Þjónustu. Þetta er meðal annars notkun vegna götulýsingar og starfsemi varnariðs. Í staðin kemur nú nýr flokkur sem kallast Fiskveiðar, sjá nánar útskýringar í kafla 2 á bls 15. Vert er að hafa þetta í huga þegar tafla 11 er skoðuð. Eins og nefnt var í kafla 2 flyst hluti af notkuninni sem í spánni frá 2005 tilheyrði iðnaðar- og veitustarfsemi yfir í nýjan þátt sem kallast „Vinnslufyrirtæki“. Þetta er gert til að hægt sé að sjá þá notkun sem fer um dreifikerfin en það sem flokkað er með vinnslufyrirtækjum er ekki flutt um dreifikerfin né flutningskerfið. Breytingarnar á þessum flokkum milli árána 2004 og 2005 eru því ekki raunverulegar breytingar í notkun heldur vegna breyttrar flokkunar á notkun.

**Tafla 9 Breytingar á áætlaðri raforkunotkun frá síðustu útgefnu spá, forgangsorka. (\* rauntölur)**

Ár	Almenn forgangsnotkun með dreifitöpum		Almenn ótryggð notkun m. dreifitöpum		Núverandi stóriðja		Flutnings-töp		Samtals	
	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW
2005*	-29	-15	-60	-9	-69	-1	-29	-10	-188	2
2006*	27	0	-58	-21	58	-4	-50	-16	-22	0
2007*	204	37	-66	-16	-1.477	-139	-51	-19	-1.390	-133
2008	234	43	-41	-11	743	176	24	-2	960	249
2009	161	30	-36	-10	619	106	19	-3	762	168
2010	188	35	-32	-10	781	106	24	-2	960	173
2015	309	58	-29	-9	781	106	27	-2	1.088	187
2020	444	83	-16	-6	781	106	31	-1	1.239	213
2025	596	111	-5	-4	781	106	35	0	1.406	242
2030	704	132	4	-2	781	106	38	0	1.527	264

